

Hús og skipulag ehf
Hildigunnur Haraldsdóttir
Bolholti 8
105

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
15. nóv. 2011 10.4.0	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. nóvember 2011
Tilvísun: UST20111000106/ksj

Tillaga að breyttu aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995 - 2015 og deiliskipulagi Rjúkandavirkjunar, Ólafsvík, Snæfellsbæ. Umsögn

Vísað er til erindis teiknistofunnar Hús og Skipulag er barst 14. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995 – 2015, og umsagnar um tillögu að deiliskipulagi Rjúkandavirkjunar, Ólafsvík, Snæfellsbæ. Tillaga að breyttu aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995 – 2015 er gerð vegna fyrirhugaðrar endurnýjunar og stækkunar Rjúkandavirkjunar í Fossá við Ólafsvík. Getið var um virkjunina í greinargerð með aðalskipulaginu og gerð grein fyrir henni á þéttbýlisupprætti Ólafsvíkur, að þrýstipípu undanskilinni. Framkvæmdin er tilkynningaskyld sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum. Samkvæmt úrskurði Skipulagsstofnunar er framkvæmdin ekki matsskyld.

Rjúkandavirkjun í Fossá við Ólafsvík var reist á árunum 1951 – 1954. Ekki liggur fyrir eldra deiliskipulag af virkjuninni.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að breyttu aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995 – 2015 og tillögu að deiliskipulagi Rjúkandavirkjunar, Ólafsvík, Snæfellsbæ.

Stífla, inntakslón og þrýstipípa

Í fyrirhugaðri framkvæmd felst að stífla verður hækkuð og inntakslón stækkað. Í umhverfisskýrslu kemur fram að: „*Rennsli í Fossá og fossum neðan stíflu verður að jafnaði minna eftir stækkun virkjunar en nú er, en minnsta rennsli minnkar ekki.*” Við framkvæmdir

mun lón hækka um 1 meter og flatarmál lónsins mun stækka úr 3.500 m² í ríflega 4.500 m². Í umhverfisskýrslu kemur fram að stækkun lónsins muni ná yfir lítt gróið land.

Í umhverfisskýrslu kemur fram að núverandi þrýstipípa er 1.400 m að lengd og einnig kemur fram að endurnýjun hennar og stækkun mun valda raski á framkvæmdatíma.

Umhverfisstofnun tekur undir að áhrifin dvíni við það að raskið grói upp, og telur stofnunin mikilvægt að lögð verði áhersla á uppgræðslu á svæði því er raskast við framkvæmdina. Slóð verður lögð meðfram pípunni. Umhverfisstofnun tekur undir áform um að afmá slóðina að framkvæmd lokinni en stofnunin telur jafnframt að koma þyrfti fram hvernig er áætlað að standa að þeirri framkvæmd. Þar sem svæðið er á náttúruminjaskrá þá telur Umhverfisstofnun mikilvægt að samráð verði haft við stofnunina við frágang slóðans.

Náttúruminjar

Framkvæmdin er innan svæðis nr. **223** á náttúruminjaskrá. Náttúruverndargildi svæðisins er talið vera: „*Fjölbreytt landslag, frá fjörum til efstu tinda Snæfellsjökuls. Eldstöðvar og hraun frá nútíma. Fjölsótt útivistarsvæði.*”

Fossar njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif umræddrar framkvæmdar felist í neikvæðum áhrifum á fossa vegna minna rennslis í Fossá. Framkvæmdin mun hafa talsverð neikvæð áhrif á ásýnd fossa í ánni hluta ársins, en fram kemur í umhverfisskýrslu að framkvæmdin muni ekki skerða fossastallana sjálfa varanlega, sem er mjög mikilvægt að mati stofnunarinnar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að öll vinna verði á þann veg að forðast verði allt óþarfa rask.

Efnistaka

Fram kemur í greinargerð að efnistaka er að mestu fyrirhuguð í lónstæði. Einnig kemur fram að það efni sem hugsanlega vantar umfram efnið úr lóninu, verði sótt í efnisnámur í Ólafsvíkurenni og/eða Breið. Umhverfisstofnun bendir á að efnisnámur skulu hafa framkvæmdaleyfi.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við tillögu að breyttu aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995 – 2015 og tillögu að deiliskipulagi Rjúkandavirkjunar, Ólafsvík, Snæfellsbæ. Umhverfisstofnun telur ekki líkur á því að umrædd stækkun komi til með að

hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér en áréttar þó að svæðið er á náttúruminjaskrá og því mikilvægt að vel sé vandað til verka við allan frágang. Breytingar á ásjón fossa munu koma til með að verða talsvert neikvæðar en um er að ræða afturkræf áhrif þar sem fossbrúnum verður ekki raskað.

Virðingarfyllt

Aðalbjörg B Guttormsdóttir

Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun